



Hafnarfjörður

Hafnarfirði 19. ágúst 2022

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

Minnisblað: Staða innritunar og stöðugilda í leikskólum Hafnarfjarðar haustið 2022.

Á þessu hausti hefur 426 börnum verið boðið leikskólapláss í leikskólum Hafnarfjarðar. Börnum fæddum í lok maí 2021 og eldri hefur þegar verið boðið pláss. Þau dreifast á alla 18 leikskólana. Í fyrstu úthlutun fengu 370 börn fædd í apríl 2021 og fyrr boð um leikskólapláss. Í annarri úthlutun fengu 56 börn fædd í maí 2021 og fyrr boð um leikskólapláss. Í sumar hafa borist 28 umsóknir fyrir börn á innritunarskilyrðum og fá þau úthlutað á næstu vikum.

Aðlaganir hafa haldist samkvæmt áætlun í 14 leikskólum en fresta hefur þurft aðlögun hjá sautján börnum í þremur leikskólum þar til búið er að ráða inn fleira starfsfólk.

Alls vantaði þann 19. ágúst þegar minnisblaðið var ritað um 23 stöðugildi til að endanlega fullmanna alla leikskólana í bæjarfélaginu.

Áætlað er svo að bjóða börnum fæddum í júní '21 þegar lokið verður við að koma fyrir nýjum deildum við leikskólana Vesturkot, Hraunvallaleikskóla og Hamravelli sem opna síðar á skólaárinu.

Virðingarfyllt

Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir

Próunarfulltrúi leikskóla